

REGLUGERÐ

um (1) breytingu á reglugerð nr. 1582/2024, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

8. mgr. 12. gr. orðast svo: Sjúkratryggðir greiða 500 kr. fyrir röntgenmyndatöku af brjóstum vegna krabbameinsleitar (e. mammography) allt að einu sinni á almanaksári. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald. Um greiðsluþátttöku vegna fleiri röntgenmynda fer eftir ákvæðum 17. gr.

2. gr.

Í stað „37. gr.“ í 34. gr. kemur: 38. gr.

3. gr.

Í stað „2. og 4. mgr. 14. gr.“ á bls. 1 í fylgiskjali með reglugerðinni kemur: 17. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sbr. 38. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi 1. apríl 2025.